

Alþingi  
Erindi nr. P 127/2326  
komudagur 21.8.2002

  
**TÓBAKSVARNANEFND**  
Skógarhlíð 8 · Pósthólf 5420 · 125 Reykjavík  
Sími 561 2555 · Fax 561 2563  
reyklaus@reyklaus.is · www.reyklaus.is


Reykjavík, 19. ágúst 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Meðfylgjandi er umsögn Tóbaksvarnanefndar um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

F.h. Tóbaksvarnanefndar

  
Þorgrímur Þráinsson  
frankvæmdastjóri

# Lýðheilsustöð

*Það er almennt álit hér á landi að stefnt skuli að því að draga sem mest úr tóbaksneyslu og helst útrýma henni alveg. Það sjónarmið kemur m.a. fram í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem Alþingi hefur samþykkt. Þáttur hins opinbera í þessu erfiða en afar mikilvæga verkefni felst, auk þess að halda uppi viðtækri löggjöf um takmarkanir á markaðssetningu og neyslu tóbaks, einkum í starfi sérstakrar tóbaksvarnanefndar.*

Tóbaksvarnanefnd er skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1984 og heyrir beint undir hann. Hlutverk hennar er skilgreint í aðalatriðum í sömu grein. Samkvæmt 15. gr. laganna ráðstafar nefndin í samráði við ráðherra fé því sem þar er gert skylt að verja til tóbaksvarna. Þegar framlag þetta var stórukið með lögum nr. 101/1996 réð tóbaksvarnanefnd sér framkvæmdastjóra og síðan annan starfsmann, báða í fullt starf. Jafnframt fékk hún sérstaka starfsaðstöðu í húsi Krabbameinsfélagsins.

Staða tóbaksvarnanefndar samkvæmt framan sögðu hefur ekki verið gagnrýnd, né heldur þær ráðstafanir hennar sem hér var getið. Sem vænta má eru ekki ávallt allir á eitt sáttir um einstakar ákvarðanir hennar í tóbaksvörnum. Eigi að síður verður ekki annað séð en tóbaksvarnanefnd sé almennt talin vera vanda sínum vaxin. Á það jafnt við núverandi nefnd sem og forvera hennar. Mun óhætt að fullyrða að starfsemi þessara nefnda hafi átt drjúgan þátt í því hve mjög hefur dregið úr tóbakssölu hér á landi að heita má jafnt og þétt um langt árabíl.

Frá sjónarhóli tóbaksvarna er vandséð að brýn þörf sé að breyta stöðu og starfsemi tóbaksvarnanefndar svo sem stefnt er að með ákvæðum um tóbaksvarnaráð í frumvarpi til laga um Lýðheilsustöð. Verði frumvarpið að lögum skiptir þó mestu máli að tryggja að breytingar samkvæmt þeim lögum leiði ekki til þess að draga á neinn hátt úr tóbaksvörnum á Íslandi. Á það við hvort tveggja, ráðstöfunarfé til tóbaksvarna og þá starfsemi sem á því er byggð.

Í 10. gr. frumvarps til laga um Lýðheilsustöð er gert ráð fyrir að 5. gr. tóbaksvarnalaga falli niður um leið og hin nýju lög taka gildi, þar á meðal ákvæðið um að ráðherra skipi tóbaksvarnanefnd. Ekki er berum orðum sagt í frumvarpinu hver skipi tóbaksvarnaráð en ráðinu er skv. 9. gr. frumvarpsins ætlað að starfa innan Lýðheilsustöðvar sem á þá væntanlega að skipa það (og önnur ráð sem undir það eiga að heyra). Ráðherra er þó falið að setja nánari ákvæði um skipan ráðsins í reglugerð.

Með 5. gr. tóbaksvarnalaga falla einnig úr lögum ákvæðin um hlutverk tóbaksvarnanefndar, að svo miklu leyti sem þeim er ekki til skila haldið með öðrum hætti. Skal nú að þessu vikið.

Ráðherra skipaði hér fyrst nefnd til tóbaksvarna með heimild í lögum nr. 27/1977 um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum. Hlutverk hennar skyldi vera að annast framkvæmd þeirra laga „svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum“. Gaf sú nefnd tóninn um ákaflega fjölbreytta starfsemi sem óhætt er að segja að síðan hafi einkennt þessar nefndir.

Með lögum nr. 74/1984 um tóbaksvarnir var ráðherra gert að skipa tóbaksvarnanefnd til fjögurra ára í senn. Er tóbaksvarnanefnd sem nú situr hin fimmta sem skipuð hefur verið samkvæmt þeim lögum. Hlutverki tóbaksvarnanefndar er sem áður segir lýst í 5. gr. laganna, eins og þeim var breytt með lögum nr. 101/1996. Skv. 2.mgr. 5. gr. á nefndin fyrst og fremst að vera opinberum aðilum, tilteknum og ótilgreindum, til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur, gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til tóbaksvarna, efna og hvetja til átaks í tóbaksvörnum og leitast við að samræma þær í landinu, veita aðstoð og leibeiningar um tóbaksvarnir, m.a. með útgáfu og útvegum fræðslurita og annarra fræðslugagna, fylgjast með tóbaksneyslu í landinu og nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á sviði tóbaksvarna.

Í 9. gr. frumvarps til laga um Lýðheilsustöð, 1. mgr., er því einu af framangreindu hlutverki tóbaksvarnanefndar haldið til haga hjá tóbaksvarnaráði að ráðið skuli fyrst og fremst vera öðrum, þar á meðal Lýðheilsustöð, til ráðuneytis um allt er að tóbaksvörnum lýtur. Að öðru leyti er ekki kveðið á um hlutverk ráðsins.

Tóbaksvarnanefnd telur vera til skaða að missa að mestu leyti úr lögum ákvæði um þá þætti tóbaksvarna sem ríkisskipaðri nefnd á þeim vettvangi er helst falið að sinna. Mestu máli skiptir þó að áfram verði unnið að tóbaksvörnum á þeim grunni sem lagður var með þessu ákvæði og ekkert lát verði af opinberri hálfu á markvissri baráttu gegn tóbaksneyslu. Því er fagnaðarefni að þeim 0,9% af brúttósölu tóbaks, sem nú renna til tóbaksvarnanefndar en renna eiga til Lýðheilsustöðvar, skuli eftir sem áður varið (óskiptum) til tóbaksvarna, sbr. 9. gr. frumvarpsins og athugasemd við hana. Er Lýðheilsustöð þar með skuldbundið til að finna þessu fé æskilegan farveg.

Má þá vænta að litið verði til þess hvert skipulag og hver framkvæmd er á tóbaksvarnastarfsmi á vegum tóbaksvarnanefndar og því aðeins vikið frá þeirri tilhögun að annað teljist vera jafnlílegt eða líklegra til árangurs. Liggur nærri að gera ráð fyrir því að verkefnið verði falið sérstakri deild innan Lýðheilsustöðvar þar sem tóbaksvarnaráð taki veigamestu ákvarðanir í samráði við forstjóra hennar og sérstakir starfsmenn annist daglega starfsemi með því skipulagi sem hentugast þyki.

Er þá til þess að líta að heimilað er í 5. gr. oftnefnds frumvarps að fela með reglugerð sérfræðiráðum, þar á meðal tóbaksvarnaráði, víðtækari verkefni en kveðið er á um í þeim greinum frumvarpsins þar sem sérstaklega er um þau fjallað, hvert og eitt, þ.e. 9. gr. að því er varðar tóbaksvarnaráð, og í 5. mgr. 9. greinar er ráðherra gert að setja nánari ákvæði (en segir til um í 1.mgr., sjá hér á undan) ekki aðeins um skipan ráðsins heldur og um hlutverk þess. Ætti því að vera svigrúm til að fela tóbaksvarnaráði það verkefni sem hér var lagt til að það fengi.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að gert sé ráð fyrir að starfsmönnum þeirra ráða/aðila sem falla eiga undir Lýðheilsustöð verði boðið þar starf. Tóbaksvarnanefnd leggur áherslu á að svo verði um starfsmenn hennar og þeim verði eftir sem áður falið að vinna sérstaklega að tóbaksvörnum, sjá hér áður, svo að þekking þeirra, færni og áhugi fái áfram að nýtast í því starfi.

Að lyktum skal til umhugsunar bent á nokkur atriði sem varða ríkisframlag til tóbaksvarna:

1. Tóbaksvarnanefnd hefur fjárhagslega sérstöðu meðal þeirra ráða sem gert er ráð fyrir að starfi innan Lýðheilsustofnunar og verði henni til ráðuneytis. Lýsir hún sér í því að nefndinni hefur verið fært að halda uppi miklu öflugra fræðslu-, upplýsinga- og áróðursstarfi á sínum vettvangi en átt hefur sér stað á öðrum sviðum heilsuforvarna, sem vissulega eru öll afar mikilvæg. Verði starfsemi þessara ráða felld undir einu og sömu stofnun er ekki ólíklegt að farið verði að hugsa til meiri jafnaðar um fé sem lagt er til starfsemi sem þeim tengist, hverju og einu. Óskir um slíkt væru engan veginn óeðlilegar, en sterklega er varað við að koma til móts við þær með því að skerða ríkisframlag til tóbaksvarna eða hætta að sækjast eftir auknu framlagi til þeirra.
2. Eftir sameiningu þá sem stefnt er að undir merkjum Lýðheilsustöðvar kynni að verða tilhneiging til þess að ráðstafa tóbaksvarnafé að hluta til verkefna sem falla undir starfsemi stöðvarinnar en hafa aðeins lausleg tengsl við tóbaksvarnir. Það þyrfti að varast og að sjálfsögðu almennt að hafa í huga að féð sé notað með þeim hætti að tóbaksvörnum sé til framdráttar.
3. Ætla þyrfti Lýðheilsustöð sérstakt ríkisframlag vegna yfirstjórnar stöðvarinnar til að tryggja að staðið væri við fyrirheit skv. 4. mgr. 9. gr. lagafrumvarpsins um Lýðheilsustöð, sbr. athugasemd með frumvarpinu..